

Þróun kennsluhátta í náttúrugreinum við Grunnskóla Grindavíkur



Vettvangsferð

Nafn skóla: Grunnskóli Grindavíkur

Heiti verkefnis: Þróun kennsluhátta í náttúrugreinum við Grunnskóla Grindavíkur

Verkefnastjóri: Þórunn Alda Gylfadóttir

Skólastjóri: Guðbjörg Sveinsdóttir

Númer samnings og styrkár: UMS 127. 2017-2018

Markmið verkefnis

Markmið okkar er að samfella í námi náist í náttúrugreinum á mið- og unglingarstigi þar sem lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og verklega þjálfun í umhverfisvitund í nærumhverfinu samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsskrár. Ætlunin er að koma á samstarfi á milli grunnskólans og aðila í sjávarútvegi, veiðafæraþjónustunni, Geo Park Reykjanes og fleiri aðilum svo sem HS Orku í Svartsengi. Markmiðið er að vekja áhuga nemenda á nærumhverfi sínu og hvað er þar að finna t.d. vistkerfi í sjó, fjöru, vötnum, gjám og svo höfum við mjög áhugaverða jarðsögu í landi Grindavíkur.

Leiðin að markmiðinu

Verkefnið hófst sumarið 2017 þar sem undirbúningur fyrir komandi skólaár hófst. Við lásum bækur og skýrslur sem gefnar hafa verið út um Reykjaneskaga og skrifuðum niður hugmyndir af verkefnum. Við skiptum þeim niður í eftirfarandi flokka:

➤ Nærumhverfi

- Bót
- Kúadalur
- Einisdalur
- Silfra
- Útikennslustofa

➤ Jarðfræði

- Jarðlagagerð í Grindavík (Hraunsvík, Þorbjarnarfell, Illahraun Þórkötlustaðanes, Hópsnes, Selatangar, Óbrennishólmi, Húshólmi)
- Sprungureinar og megineldstöðvar á Reykjanesi

➤ Dýralíf

- Spendýr
- Fuglar og fuglabyggðir (Slaga, Festarfjall, Lambastapi, Hagafell, Þorbjarnarfell, Valahnúkur, Eldey)
- Lífríki sjávar
- Lífríki vatn (Silfra, Kleifarvatn, tjarnir í Grindavík, Djúpavatn, Grænavatn)

- Lífríki í fjörunni (Litlabót að Vörðunesi í Arfadalsvík, Hafnargjá, Bjarnagjá, Reykjanestjörn við Reykjanestá (einstök volg sjávartjörn með sérstæðu sjávarlífi))
- Gróðurfar
 - Graslendi
 - Mólendi (Svartsengi)
 - Kjarrlendi (Sláttudal)
 - Ógróið land

Unnið var út frá þessum hæfniviðmiðum Aðalnámskrá:

- Geta greint stöðu mála í eigin umhverfi og í framhaldi skipulagt þátttöku í aðgerðum sem fela í sér úrbætur.
- Geta tekið þátt í að skoða og skilgreina stöðu umhverfismála á Íslandi og á heimsvísu og rætt um markmið til úrbóta.
- Geta rætt umhverfismál frá ólíkum sjónarhornum, er tengjast vatni og sjó.
- Geta gert grein fyrir eigin athugunum á lífverum og búsvæði þeirra.
- Geta lýst ólíkum leiðum við framleiðslu og nýtingu orku á Íslandi.
- Geta gert grein fyrir flekamótum, flekaskilum og sniðgengum flekamörkum.
- Geta gert grein fyrir jarðskjálftum.

Við fórum í skipulagðar gönguferðir um Eldvörpin og háhitasvæðið í Svartsengi með Guðmundi Ómarssyni yfirjarðfræðingi HS Orku og fáum að vera í samskiptum við hann með komandi verkefni í skólanum. Gönguferð um Selatanga, Skógfellstíg, Skipastíg, Prestastíg, Árnastíg og Húshólma til að fá hugmyndir að gönguferðum með skólanum.

Við fórum inn í skólaárið með það að markmiði að nota haust- og vormánuði í útikennslu. Veturinn ætlum við að nota í úrvinnslu eftir haustvinnuna og til undirbúnings fyrir vorvinnuni.

Þórunn Alda fékk það sem tilraunaverkefni að kenna nemendum í 6.bekk í samkenndu með Önnu Þórunni öðrum umsjónarkennaranum þeirra í náttúrugreinum. Hófum við undirbúning að þeirri kenndu með því að fá nemendur til að koma með hugmyndir af útikennslu um nærumhverfi þeirra.

Hugmyndavinnan var mjög áhugaverð og komu margar góðar hugmyndir upp sem farið var í á haustmánuðum eins og taka þátt í átakinu Hreinsum Ísland <http://landvernd.is/hreinsumisland>.

Nemendur fengu fræðslu frá þessari vefsíðu sem og kennurum um skaðsemi plast í umhverfinu, hvað það er lengi að brotna niður í náttúrunni og

hvaða áhrif plast er að hafa á lífríki í sjó og á landi.

Við fórum í plastheinsun í bænum okkar á einni klst tíndum við 3.8 kg af plast sem var nokkuð mikið að þeim fannst. Nemendur tóku vel til hendinni í framhaldi af þessari vinnu og fengum við að heyra




það frá foreldrum að nemendur væru að breyta heimilishögum í notkun á plasti t.d. sagði eitt foreldrið við okkur að núna fær fjölskyldan sér ekki plastlok eða rör á skyndibitastöðum, og kemur þannig í veg fyrir að eins mikið plast sé notað, segja þau svo öðrum frá hefur þetta kerðjuverkandi áhrif. Má til gamans geta að verkefnið „Hreinsum strandlengju Íslands“ var hleypt af stað hér í Grindavík. Tekið var viðtal við þrjá nemendur úr 6.bekk vegna þess að þau höfðu verið að hreinsa sitt umhverfi nokkrum sinnum á skólaárinu. Ruslið sem nemendur höfðu safnað var flokkað og hent í viðeigandi gáma en fyrr höfðu nemendur fengið kynningu á nauðsyn þess að flokka rétt og skila á réttan stað í heimsókn hjá HP gámum í Grindavík.

Með vorinu fórum við að fara meira út og fylgdumst við náið með vorkomunni með því að


skoða gróðurfar í umhverfi okkar og þá sérstaklega í kringum nýju útistofunni okkar sem tekin var í notkun í haust. Við tókum með okkur sýni heim í stofu til að skoða betur undir smásjá. Vorið kom seint en það dró ekki úr áhuga nemenda á því að fara út og skoða hvernig gróðurinn var að taka við sér. Hér eru nemendur í 6.bekk í útistofunni okkar í upphaf kennslustundar og svona lítur hún út.



Nemendur fengu mismunandi verkefni á tímanum sem voru mörg og fjölbreytt eins og að skoða flekamót, flekaskil og sniðgeng flekamörk þar gerðu nemendur gerðu líkan til að skilja betur hvað er átt við. Nemendur fengust einnig við jarðskjálfta, hvað er að gerast og hvaða áhrif það getur haft á byggingar. Nemendur fengu að búa til hús úr spagetti, grillprjónum, saltstöngum, sykarpúðum og hlaupi og áttu að hrista bygginguna í nokkra stund til að sjá hvað hún þolir mikinn hristing.



Hér má sjá afrakstur þeirra vinnu. Nemendur fengu nokkuð frjálssar hendur um hvernig þeir notuðuð efniviðin, flestir lögðu í mikla vinnu við að skoða hvað væri góður grunnur og hvað væri besta byggingarefnið. Eins og sjá má á myndunum urðu grillpinnarnir oftast valdir vegna styrkleika þeirra. Á meðan á þessu verkefni stóð komu tveir jarðskjálftar hér í Grindavík sem varð að til þess



að vekja nemendur enn frekari til umhugsunar um það hvað á að gera ef það kæmi stór jarðskjálfti á svæðinu. Við gripum því tækifærið og skoðuðum umhverfið í stofunni hvað gæti fallið af veggjum, hvar væri öruggast að vera og í kjölfarið voru gerðar nokkar breytingar svo sem þungir hlutið voru teknir og færðir inn í geymslurými.

Nemendur tóku virkan þátt í náminu og komu með tillögur að því hvernig öðlast mætti frekari þekkingu, má segja að ég sjálf hafi grætt hvað mest á þessari vinnu því nemendur voru dugleg að koma með hugmyndir og einnig að koma með hluti til að skoða frekar. Einn nemandinn fór á veiðar og kom með afraksturinn í skólann fyrir hina að skoða sem varð mjög skemmtilegt. Annar nemandi koma færandi hendi með hrútshöfuð með hornum og gaf skólanum.

Dæmi um uppsetningu á hæfniviðmiðum um verklag, viðfangsefni og lykilhæfni í 6.bekk á tímabilinu.

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða	<ul style="list-style-type: none"> Geta unnið eftir verk- og tímaáætlun.
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> Geta fjallað um vísinda uppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti, mannlíf, umhverfi og náttúru.
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> Geta útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks. Geta lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
Vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none"> Útskýrt texta um vísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum. Nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur til að afla sér upplýsinga um efnið. Geta framkvæmt einfaldar tilraunir Geta beitt vísindalegum vinnubrögðum við einfaldar tilraunir (skýrslur). Geta hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra í verkefnavinnu.
Ábyrgð á umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> Geta rætt atriði í umhverfi sínu sem hefur áhrif á lífsgæði þeirra.

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni	<ul style="list-style-type: none"> Geta útskýrt norðurljósin og hvernig þau myndast.
Náttúra Íslands	<ul style="list-style-type: none"> Lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd. Geta útskýrt hvernig viðbrögð við náttúruhamförum eru skipulögð og framkvæmd. Geta útskýrt flekaskil, flekamót og sniðgeng flekamörk.
Heilbrigði umhverfisins	<ul style="list-style-type: none"> Gert grein fyrir notkun manna á auðlindum (raforku).
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	<ul style="list-style-type: none"> Lýst hvernig rafmagn verður til. Geta sagt frá vísindamönnum og helstu uppgötvunum þeirra.

Lykilhæfni, Tjáning

Framúrskarandi	Hæfni náð	Þarfnast frekari þjálfunar	Hæfni ekki náð
Metnaðarfull kynning Framsögn skýr á áheyrileg	Framsögn góð	Þarf að bæta sig í framsögn	Þarf að bæta tjáningu sína

Samskipti og samvinna

Framúrskarandi	Hæfni náð	Þarfnast frekari þjálfunar	Hæfni ekki náð
Er jákvæð/ur Er kurteis Er hjálpsamur/söm Hlustar og virðir skoðanir annarra Leggur alltaf sitt af mörkum í samvinnu Tekur leiðsögn vel	Er oftast jákvæð/ur Er oftast kurteis Er oftast hjálpsamur/söm Hlustar og virðir oftast skoðanir annarra Leggur oftast sitt af mörkum í samvinnu Tekur oftast leiðsögn vel	Er stundum jákvæð/ur Er stundum kurteis Er stundum hjálpsamur/söm Þarf að hlusta betur á aðra Gæti lagt sitt af mörkum til samvinnu Þarf að taka leiðsögn betur	Þarf að bæta samskipti og samvinnu

Nemendur í 8.bekk tóku einnig þátt í þessu þróunarverkefni og verður því gert skil hér.

Við hófum skólaárið líkt og 6.bekkur á hugmyndavinnu um útinám og komu margar góðar hugmyndir upp sem urðu að verkefnum. Við byrjuðum á fjöruferð niður í Bót þar sem nemendur söfnuðu þara, smádýrum og gróðri til skoðunar í kennslustofu. Einnig fórum við þangað í fuglaskoðun, voru nemendur að fylgjast með atferli fuglsins sem var skráð í bók, bæði atferlið og tegundin. Ferðirnar voru nokkar niður í Bót þar sem svæðið er kjörið til skoðunar á lífríki og gróðurfari bæði í sjó og á landi. Nemendur unnu úr sýnum og skráningum í kennslustofu þar voru sýnin skoðuð í smásjá. Við tókum til hendinni í einni ferðinni og hirtum rusl úr fjörunni sem var þó nokkurt. Nemendur skoðuðu einnig lífríki í fersku vatni og söfnuðu sýnum, skráðu niður atferli dýra í og við vatnið og skoðuðu gróður í vatninu og á bökkum þess.



Á hverju ári er farið í Mörtugöngu til minningar um Mörtu sem var kennari við skólann, í göngunni í apríl 2018 var einnig fræðsla í boði þar sem nemendur fengu tækifæri á því að skoða umhverfið sitt. Í göngunni voru nemendur duglegir við að sjá og benda á það sem við höfðum verið að læra um veturinn.



Gróðurfar, lífríki og jarðlög voru skoðuð og þá sérstaklega í kringum Eldvörpin og gígana sem þar eru. Gengið var frá Höfnum eftir Prestsstíg til Grindavíkur og tók gangan um fjóra tíma. Náttúran er einstök á þessum stað þar sem landslagði tekur breytingum frá því að gengið er í sandi, í mosa og að lokum í hrauninu við Grindavík. Nemendur nutu leiðsagnar Þórunnar Öldu og Guðbjargar skólastjóra. Gígarnir vöktu sérstaka athygli enda vel faldir í umhverfinu eins og sjá má á myndinni. Nemendum fannst tilkomumikið að sjá hvernig náttúran hefur mótað landið og búið til hella, dali og gíga.

Dæmi um uppsetningu á hæfniviðmiðum um verklag, viðfangsefni og lykilhæfni í 8.bekk á tímabilinu.

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða	<ul style="list-style-type: none"> • Geta unnið eftir verk- og tímaáætlun. • Geta tekið afstöðu til málefna sem varða náttúruna og komið með tillögur að úrbótum.
Nýsköpun og hagnýting þekkingar	<ul style="list-style-type: none"> • Geta fjallað um vísinda uppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti, mannlíf, umhverfi og náttúru.
Gildi og hlutverk vísinda og tækni	<ul style="list-style-type: none"> • Geta útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks. • Geta lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
Vinnubrögð og færni	<ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt texta um vísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum. • Nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitur til að afla sér upplýsinga um efnið. • Geta framkvæmt einfaldar tilraunir • Geta beitt vísindalegum vinnubrögðum við einfaldar tilraunir (skýrslur). • Geta hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra í verkefnavinnu.
Ábyrgð á umhverfinu	<ul style="list-style-type: none"> • Geta tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði og náttúru. • Tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru. • Geta sýnt umhverfinu umhyggju og gengið vel um það.

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni	<ul style="list-style-type: none"> • Geta útskýrt að þéttbýlisstaðir eru líka vistkerfi • Geta útskýrt að þróun lífsins byggist á fjölbreytileika og náttúruvali • Geta útskýrt að hafið var iðandi af lífi löngu áður en plöntur eða dýr sáust á landi
Lífsskilyrði manna	<ul style="list-style-type: none"> • Geta útskýrt að nánast allt líf byggist á ljóstillífun plantna • Geta lýst hringrás efna í náttúrunni
Náttúra Íslands	<ul style="list-style-type: none"> • Geta útskýrt að vistfræði fjallar um samspilið í náttúrunni • Geta útskýrt að dýr, plöntur, jarðvegur og fleiri þættir skapa í sameiningu vistkerfi • Geta útskýrt að plöntur og dýr hafa hvert sinn vistfræðilega sess

Samskipti og samvinna

A	B	C	D
Er jákvæð/ur	Er oftast jákvæð/ur	Er stundum jákvæð/ur	Þarf að bæta samskipt og samvinnu við aðra við hópinnu
Er kurteis	Er oftast kurteis	Er stundum kurteis	
Er hjálpsamur/söm	Er oftast hjálpsamur/söm	Er stundum hjálpsamur/söm	
Hlustar á aðra	Hlustar oftast á aðra	Þarf að hlusta betur á aðra	
Virðir skoðanir annarra	Virðir oftast skoðanir annarra	Virðir stundum skoðanir annarra	
Tekur réttmætri gagnrýni	Tekur oftast réttmætri gagnrýni	Þarf að taka réttmætri gagnrýni betur	
Getur gagnrýnt á uppbyggilegan hátt	Getur oftast gagnrýnt á uppbyggilegan hátt		
Vinnur vel með öðrum			
Leggur alltaf sitt af mörkum í samvinnu			

	Vinnur oftast vel með öðrum Leggur oftast sitt af mörkum í samvinnu	Á erfitt með að setja fram uppbyggilega gagnrýni Getur bætt vinnusemi sína með öðrum	
--	--	---	--

Þrautseigja

A	B	C	D
Gefst ekki upp í erfiðum verkefnum Hefur trú á eigin getu Hefur mjög gott úthald Hefur mjög góða einbeitningu Þekkir mjög vel styrk sinn og veikleika	Gefst nánast aldrei upp í erfiðum verkefnum Hefur oftast trú á eigin getu Hefur gott úthald Hefur góða einbeitningu Þekkir vel styrk sinn og veikleika	Gefst stundum upp þegar verkefni verða erfið Vantar stundum trú á eigin getu Getur bætt úthald sitt Þarf að einbeita sér betur Þarf að þekkja betur styrk sinn og veikleika	Þarf að efla þrautseigju

Ábyrgð

A	B	C	D
Nýtir tímann vel Setur sér raunhæf markmið Fylgir áætlunum Lærir af reynslunni Getur metið hæfni sína Gerir alltaf sitt besta Er sjálfstæð/ur í vinnubrögðum Hefur mjög góða sjálfstjórn	Nýtir tímann oftast vel Setur sér markmið Fylgir oftast áætlun Lærir yfirleitt af reynslunni Getur oftast metið hæfni sína Gerir yfirleitt sitt besta Er oftast sjálfstæð/ur í vinnubrögðum Hefur góða sjálfstjórn	Þarf að nýta tímann sinn betur Á erfitt með að setja sér markmið Þarf að fylgja áætlun betur Lærir stundum af reynslunni Á erfitt með að meta hæfni sína Þarf oft að gera sitt besta Þarf að vera sjálfstæðari í vinnubrögðum Þarf að bæta sjálfstjórn	Þarf að taka meiri ábyrgð á eigin námi og sýna meira sjálfstæði

Frávik miða við áætlun verkefnisins

Samstarf verkefnastjóra, stjórnenda, kennara og annara starfsmanna gekk mjög vel. Upphaflega var lagt upp með að þróa náttúrufræðikennslu í skólanum á mið- og unglíngastigi en fljótlega sáum við að svona breytingar taka lengri tíma en eitt skólaár svo við ákváðum að taka fyrir 6 og 8. bekk og einbeita okkur að þeim og halda svo áfram með þróunina sem kominn er á skrið á næstu skólaár í hinum bekkjunum. Samstarf við stjórnendur gekk mjög vel þar sem var verið að vinna með hæfniviðmiðin út frá Aðalnámskránni og kom sú vinna vel inn í þetta þróunarstarf þar sem tekið var tillit til þeirra breytingar sem kennsla er að þróast í. Við búum við kjöraðstæður þegar kemur að útikennslu þar sem hér er að finna fjölbreyttar fuglabýggðir og mikið líf í fjörunni til kennslu. Umhverfið býður upp á svo fjölbreytta nálgun út frá gróðurfari,

dýalífi, jarðlögum og svo erum við með háhitasvæði í Svartsengi sem er stórkostlegt. Einnig búum við svo vel að bæjarfélagið setti upp útikennslustofu sem var vel nýtt á skólaárinu 2017-18.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Þróunin gekk vel og í kjölfarið varð til samstarf á milli grunnskólans og fyrirtækja í sjávariðnaði og fleiri fyrirtækja sem eru með rekstur í bæjarfélaginu. Einnig varð til skemmtilegt samstarf á milli Þórunnar Öldu og Halls Gunnarssonar sem er meindýraeyðir bæjarfélagsins þar sem hann kom með geitungabú, býflugnabú og fleiri skordýr sem hann var að veiða eða eyða eftir því sem við átti. Hann var duglegur að koma með glaðninga í skólann og eigum við eftir veturinn gott skordýrasafn sem telur á milli 25 til 30 skordýra af ýmsum gerðum svo sem veglegan kakkalakka frá Ameríku sem flæktist hingaði í ferðatösku. Einnig hefur hann komið með uppstoppaða fugla, egg og heiður sem búið er að merkja. Í frystir á hann hvítan ref, hagamús og húsamús sem bíða þess að verða stoppuð upp og verða gripir í eigu skólans. Samstarfið við Geo Park Reykjanes er enn í gangi, vonast er til þess að í lok sumars verði kominn verkefni um lífríkið í fjörinni Bót inn á vefinn þeirra sem verður þá fyrsta verkefnið af fleirum. Skólanum hafa borist ýmsar gjafir í kjölfar þessa verkefnið þar sem það hefur vakið athygli í bæjarfélaginu t.d. höfum við fengið rifbein úr hval ásamt öðru beini sem við vitum ekki alveg skil á. Gott steinasafn er að verða til þar sem nemendur og velunnarar skólans eru duglegir að koma með allskonar steina og er það á áætlun í haust að merkja þá og sýna. Og ekki má gleyma hrútshöfðinu með hornunum sem gaman er að hafa til sýnis. Að lokum má segja frá samstarfi Þórunnar Öldu og Einars Þórs Lárussonar sem starfar við vöruþróun hjá ÍSAM, hann er að þróa kavíar úr þara sem við komum til með að vera með á dagskrá á næsta skólaári að gera með nemendum og bjóða það til smökkunar með góðu kexi. Ávinningurinn af þessu þróunarstarfi er mikill og afraskturinn er að sama skapi góður þar sem bæði nemendur og starfsfólk varð vart við mikla ánægju með kennsluna hjá nemendum. Áhugi þeirra leyndi sér ekki þegar að skólalokum var komið, nemendur köddu með þeim orðum að þeim hlakkaði til að koma til starfa í haust og ætluðu að verja sumrinu í að finna eitthvað áhugavert til að skoða. Nemendur voru mjög ánægðir með þessa útikennslu og báðu oft um að fara í útikennslustofuna frekar en að vera inni.




Niðurstöður verkefnisins

Helstu niðurstöður verkefnisins eru þær að þróunin heldur áfram á næsta skólaári og verður þá fleiri árganga á mið- og unglíngastigi teknir inn í þessa vinnu. Nemendur vöktu mikla athygli í skólanum fyrir áhuga sinn á umhverfi sínu og þeim verkefnum sem þeir tóku sér fyrir hendur. Áhugi nemandanna var mikill og má það sjá á því að þeir voru að koma með steina, skordýr, fiska og önnur smádýr til að fá að skoða eða gefa til skólans. Samstarfið við Hall er einnig komið til að vera þar sem hann ætlar að halda áfram að gefa skólanum skordýr og fleiri uppstoppuð dýr. Nemendur voru mjög áhugasamir um verkefnið sem lögð voru fyrir í vetur og fengu allir eitthvað við sitt hæfi, lög var áhersla á það að allir gætu gert eitthvað. Vinna við hæfniviðmiðin var unnin í vetur samhliða þessu þróunarverkefni sem gafst mjög vel, hæfniviðmið á mið- og unglíngastigi eru tilbúin fyrir komandi skólaár.

Verkefnið fékk mikla kynningu í bæjarfélaginu bæði með fréttum af því og einnig með viðtali við verkefnastjóra sem birtist í Víkurfréttum. Nemendur í 6.bekk komust í sjónvarpsfréttirnar á ríkisjónvarpinu þegar hreinsunarátakið „Hreinsum strandlengu Íslands“ hófst og erum við mjög stolt af þeirra framlagi til umhverfisins í formi vitundarvakningar gagnvart plastnotkun. Verkefnastjórinn kemst ekki upp með það lengur að vera með plastpoka í búðinn heldur eru fjölnota pokar notaðir, nemendur eru fljótir að minna hana á mengunina sem fylgir plastinu. Þróunarstarfið hefur vakið góða athygli bæði innan skólans og utan hans. Kynning á verkefninu fer fram í haust þar sem útikennsluverkefni verða kynnt fyrir öðrum kennurum til að nýta í kennslu á næsta skólaári.

Dagsetning: 06. júní 2018


Undirskrift verkefnastjóra


Undirskrift skólastjóra Grunnskóla Grindavíkur